

Leikir Símans - Skilmálar

1. Með því að taka þátt í leik hjá Símanum gegn skráningu, t.d. Lukkuleik eða Sumarleik (hér eftir einu nafni nefndir "*Leikir Símans*"), samþykkir þátttakandi þessa skilmála. Skilmálarnir gilda milli þátttakanda og Símans hf., Ármúla 25, 108 Reykjavík.
2. Aldurstakmark *Leikja Símans* er 13 ára. Hver þátttakandi getur einungis skráð sig einu sinni í hverjum leik. Þátttakandi skal tryggja að upplýsingar um sig séu rétt skráðar.
3. Síminn vinnur einungis með persónuupplýsingar um þátttakanda til að tryggja að viðkomandi uppfylli þessa skilmála og til að hringja í viðkomandi vegna *Leikja Símans*.
4. Með samþykki þátttakanda sem hefur náð 18 ára aldri mun Síminn nota símanúmer hans í markaðslegum tilgangi til að kynna fyrir honum vörur og þjónustur Símans með símtali.
5. Þátttakandi getur afturkallað samþykki sitt fyrir þátttöku í *Leikjum Símans* hvenær sem er með því að hafa samband í síma 800-7000 eða í gegnum þjónustuvef Símans.
6. Samskiptaupplýsingar þátttakanda eru varðveittar með öruggum hætti hjá Símanum í fjögur ár frá skráningu og verða ekki afhentar öðrum nema fullnægjandi heimild sé til staðar skv. lögum.
7. Samþykki þátttakandi það sérstaklega birtir Síminn upplýsingar og/eða mynd af vinningshafa á miðlum Símans þegar tilkynnt er um vinningshafa í *Leikjum Símans*, t.d. á Instagram.
8. Síminn áskilur sér rétt til að breyta fyrirkomulagi *Leikja Símans* eða skilmálum þessum, svo sem vinningum þeirra.
9. Um skilmála þessa gilda íslensk lög og varnarþing er í Reykjavík.